



Afkoma fjórða ársfjórðungs 2025 og ársins 2025

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU ÍSLANDSBANKA

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu fjórða ársfjórðungs 2025 (4F25)

- Hagnaður af rekstri nam 5,9 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2025 (4F24: 6,3 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 10,5% á ársgrundvelli (4F24: 11,2%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 12,4 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2025 og hækkuðu um 1.516 milljónir króna á 4F25 samanborið við 4F24.
- Vaxtamunur var 2,9% á fjórða ársfjórðungi 2025, samanborið við 2,7% á 4F24.
- Hreinar þóknunatekjur á fjórða ársfjórðungi 2025 voru 4,2 milljarðar króna 2025, sem er aukning um 16% samanborið við 4F25.
- Hreinar fjármagnstekjur voru 404 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2025, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 169 milljónir króna á 4F24.
- Aðrar rekstartekjur námu 447 milljónum króna á fjórða ársfjórðungi 2025, samanborið við 777 milljónir króna á 4F24.
- Stjórnunarkostnaður nam 8,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2025, en nam 7,1 milljarði króna á 4F24.
- Kostnaðarlutfall bankans var 43,5 % á fjórða ársfjórðungi 2025 og undanskilur launakostnað að fjárhæð 804 milljónir króna vegna snemmbúinna starfsloka og tekjur að fjárhæð 237 milljónir króna innan hreinna vaxtatekna (550 milljónir króna vegna bakfærslu á skuldbindingu sem var gjaldfærð í 3F25 vegna lögræðilegra mála og gjaldfærslu að fjárhæð 313 milljónir króna vegna leiðréttingar frá fyrri árum). Kostnaðarlutfallið var 45,7% á 4F24.
- Virðisrýrnun fjáreigna neikvæð um 1.087 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2025 samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 352 milljónum króna á 4F24. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var 32 punktar á ársgrundvelli á fjórða ársfjórðungi 2025 samanborið við -11 punkta á 4F24.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 33,9 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2025 frá þriðja ársfjórðungi 2025 og voru 1.367 milljarðar króna í lok fjórða ársfjórðungs 2025.
- Innlán frá viðskiptavinum drógust saman um 4,0% milli loka þriðja og fjórða ársfjórðungs 2025 og námu 969 milljörðum króna í lok 4F25.
- Eigið fé nam 225,4 milljörðum króna í lok fjórða ársfjórðungs 2025, samanborið við 227,4 milljarða króna í lok árs 2024.
- Eiginfjárlutfall var 24,0% í lok árs 2025, samanborið við 23,2% í lok árs 2024. Samsvarandi eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 20,1% í lok árs 2025, hið sama og við árslok 2024. Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 var 510 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila í lok þriðja ársfjórðungs 2025, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans sem er að vera með 100–300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 18,8% af áhættugrunni, til viðbótar við samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Í lok fjórða ársfjórðungs 2025 var MREL hlutfall bankans 44,0%, 1.550 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu Íslandsbanka árið 2025

- Hagnaður af rekstri bankans árið 2025 nam 25,2 milljörðum króna (2025: 24,2 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 11,2% (2025: 10,9%).
- Hreinar vaxtatekjur á árinu námu 52,5 milljörðum króna, sem er aukning um 11,0% frá árinu 2024.
- Hreinar þóknunatekjur námu 14,1 milljarði króna á árinu og jukust um 7,4% frá árinu 2024, þegar þær voru 13,1 milljarður króna.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 922 milljónir króna á árinu 2025, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 338 milljónir króna árið 2024.
- Stjórnunarkostnaður var 29,5 milljarður króna á árinu 2025, en 27,6 milljarður á árinu 2024, þegar frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi 2024.

- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði úr 43,8% árið 2024 niður í 42,4% árið 2025. Kostnaðarhlutfall fyrir árið 2025 undanskilur launakostnað að fjárhæð 804 milljónir króna vegna snemmbúinna starfsloka og gjaldfærslu að fjárhæð 313 milljónir króna innan hreinna vaxtatekna vegna leiðréttingar frá fyrri árum. Kostnaðarhlutfallið fyrir árið 2024 undanskilur gjaldfærslu stjórnvaldssektar að fjárhæð 470 milljónir króna sem gjaldfærð var á 2F24.
- Virðisrýrnun á fjáreignum á árinu 2024 nam 681 milljón króna á árinu 2025 samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 645 milljónum króna árið 2024.

Bestun efnahagsreiknings, arðgreiðslur og útgreiðsla á umfram eigin fé

- Áform um bestun eiginfjársamsetningar bankans standa enn, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.
- Stjórn Íslandsbanka mun leggja til 12,6 milljarða króna arðgreiðslu við aðalfund bankans í mars. Það er í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans um að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð til hluthafa.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur veitt bankanum heimild fyrir endurkaupum á eigin hlutum fyrir allt að 15 milljarða króna að markaðsvirði. Bankinn mun tilkynna um tímasetningu og framkvæmd endurkaupa samkvæmt framangreindri heimild þegar ákvörðun um þau hefur verið tekin. Fjármálaeftirlitið hefur einnig veitt bankanum heimild til lækkunar hlutafjár sem nemur fjárhæð þeirra eigin hluta sem keyptir hafa verið á grundvelli eldri heimilda fjármálaeftirlitsins.
- Stjórn bankans mun óska eftir endurnýjaðri heimild til endurkaupa á eigin bréfum að því marki sem lög leyfa á aðalfundi bankans í mars 2026.
- CRR 3 var innleitt á Íslandi í desember 2025 og hafði það töluverð áhrif á áhættugrunn og eiginfjárhlutföll samstæðunnar. Innleiðing CRR 3 leiddi til 88 milljarða króna. (7,8%) lækkunar á áhættugrunni, sem er að mestu vegna lækkunar á útlánaáhættugrunninum. Lækkunin leiddi til hækkunar á eiginfjárhlutfalli almenns þáttar 1 úr 18,5% í 20,1%, eiginfjárhlutfall þáttar 1 hækkaði úr 20,0% í 21,7% og eiginfjárhlutfallið hækkaði úr 22,1% í 24,0%.

Uppfærð fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma

- Bankinn hefur sett ný fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma, þ.e. til næstu 3-4 ára, sem hér segir:

	Fyrra markmið	Uppfært markmið fyrir næstu 3-4 ár	2025 tölur	Leiðbeinandi bil fyrir árslok 2026
Arðsemi eigin fjár	10%	>13%	11,2%	~12%
Kostnaðarhlutfall	<45%	<43%	42,4%	~43%
Hlutafé umfram lágmarkskröfur	1-3 prósentustig	1-3 prósentustig	5,1 prósentustig	2 prósentustig
Arðgreiðsluhlutfall	50%	50%	50%	50%



Lykiltölur

		4F25	3F25	2F25	1F25	4F25
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	5.947	6.901	7.192	5.209	6.283
	Arðsemi eigin fjár	10,5%	12,2%	13,0%	9,4%	11,2%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,9%	3,1%	3,3%	3,2%	2,7%
	Kostnaðarhlutfall ¹	43,5%	38,2%	41,0%	47,6%	45,7%
	Áhættukostnaður útlána ²	0,32%	(0,00%)	(0,12%)	0,00%	(0,11%)
		31.12.25	30.9.25	30.6.25	31.3.25	31.12.24
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.367.106	1.333.234	1.331.288	1.298.849	1.295.388
	Eignir samtals, m.kr.	1.728.147	1.734.056	1.696.034	1.667.429	1.607.807
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.033.788	1.084.527	1.084.492	1.061.903	1.040.972
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	968.695	1.008.919	966.075	936.779	926.846
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	141%	132%	138%	139%	140%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ³	1,5%	1,6%	1,6%	1,8%	1,6%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	127%	129%	125%	128%	125%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	203%	207%	185%	202%	168%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	225.359	226.974	224.725	217.894	227.355
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 ⁴	20,1%	18,9%	18,5%	18,6%	20,1%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1 ⁴	21,7%	19,8%	19,4%	19,5%	21,0%
	Eiginfjárlutfall ⁴	24,0%	21,9%	21,5%	21,6%	23,2%
	Vogunarlutfall ⁴	12,5%	11,9%	12,0%	12,1%	13,2%
	MREL hlutfall ⁵	44,0%	36,8%	36,7%	37,8%	33,4%

1. Kostnaðarhlutfall fyrir 4F25 undanskilur launakostnað að fjárhæð 804 milljónir króna vegna snemmbúinna starfsloka og tekjur að fjárhæð 237 milljónir króna innan hreinna vaxtatekna (550 milljónir króna vegna bakfærslu á skuldbindingu sem var gjaldfærð í 3F25 vegna lögfræðilegra mála og gjaldfærslu að fjárhæð 313 milljónir króna vegna leiðréttingar frá fyrri árum). Kostnaðarhlutfall á þriðja ársfjórðungi undanskilur 550 milljón króna varúðarfærslu vegna dóms máls á meðal hreinna vaxtatekna.

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýmunarsjóði.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Að meðtöldum 3F25 hagnaði fyrir 30.9.25.

5. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjárlauka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Ársins 2025 verður minnst fyrir margra hluta sakir. Stór og þýðingarmikill viðburður í sögu Íslandsbanka var sala ríkissjóðs á eftirstandandi eignarhlut sínum í bankanum. Útboðið gekk vonum frammar, og var stækkað vegna mikillar eftirspurnar og fór fjöldi hluthafa í bankanum hæst í um 35 þúsund hluthafa strax í kjölfar útboðsins. Miklar breytingar í hluthafahópnum kallaði á aukna aðkomu fjárfesta að stjórn bankans og í upphafi nýs árs fór fram hluthafafundur þar sem ný stjórn var kjörin og Heiðar Guðjónsson kjörinn stjórnarformaður.

Afkoma Íslandsbanka á fjórða ársfjórðungi var góð og var hagnaður á tímabilinu 5,9 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár 10,5%. Afkoma ársins í heild var því 25,2 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár 11,2%. Bankinn náði þar með öllum fjárhagslegum markmiðum sínum á liðnu rekstrarári.

Frekari skref í átt að hagkvæmstu samsetningu eigin fjár voru tekin fyrir lok árs með vel heppnaðri útgáfu skuldabréfa sem telja til viðbótar eiginfjárláttar 1 (AT1) í nóvember. Útgáfan var samtals 700 milljónir sænskra króna og 200 milljónir norskra króna, á hagstæðustu kjörum sem íslenskum banka hafa boðist á AT1-bréfi frá árinu 2008. Útgáfan sýnir vel fjárhagslegan styrk Íslandsbanka, en ekki síst styrk íslenska bankakerfisins í heild.

Fjöldmörg tækifæri liggja á aukinni hagnýtingu gervigreindar, tækniframfarir og skerptum áherslum á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum okkar. Framfarir í appi Íslandsbanka hefur verið afar vel tekið meðal viðskiptavina á árinu sem og nýjungum líkt og „Bílar með reynslu“ hjá Ergo sem opnaði á nýja möguleika við fjármögnun á eldri bílum. Bankinn hefur lýst sig reiðubúinn til þátttöku í uppbyggingu þarfra innviða hér á landi og þátttaka Íslandsbanka í fjármögnun á nýrri Ölfusárbrú er skýrt merki um að yfirlýsingum bankans í þeim efnum fylgi aðgerðir.

Nýtt ár felur jafnan í sér mörg tækifæri, bæði í rekstri bankans og í margvíslegum verkefnum með viðskiptavinum okkar. Við erum vel í stakk búin og tökum á móti komandi misserum staðráðin í að vera áfram hreyfiafl til góðs í íslensku samfélagi.

Helstu atriði úr rekstri á fjórða ársfjórðungi 2025 (4F25)

- Íslandsbanki tilkynnti 6. október 2025 að bankinn hefði hafið samrunaviðræður við Skaga hf. Í viðræðum um sameiningu félaganna er lagt til grundvallar að starfsemi Skaga verði sameinuð Íslandsbanka og hluthafar Skaga eignist 323.859.440 nýja hluti í Íslandsbanka sem jafngildir um 15% hlut í sameinuðu félagi.
- Í kjölfar dóms Hæstiréttur Íslands þann 14. október 2025 í máli sem höfðað var gegn bankanum af tveimur lántakendum vegna óverðtryggðs fasteignaláns með breytilega vexti gerði bankinn tímabundið hlé á lánveitingum til að taka mið af niðurstöðum Hæstaréttar. Skömmu síðar kynnti Íslandsbanki tiltekna breytingar á vöruframboði sínu og var fyrstu íslensku bankanna til að kynna nýtt vöruframboð í kjölfar dómsins.
- Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) samþykkti þann 17. október 2025 skilaáætlun fyrir Íslandsbanka og þar með ákvörðun um hæfar skuldbindingar (MREL), sem uppfylla þar með hliðsjón af áhættugrunni (e. TREA – total risk exposure amount) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. TEM – total exposure measure). Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans 18,8% og MREL-TEM bankans 6%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni en bankinn hefur til 4. október 2027 til að mæta kröfunni um undirskipun. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Bankinn telst uppfylla MREL.
- Íslandsbanki gaf í nóvember 2025 út 300 milljóna króna grænt almennt skuldabréf til 7 ára, sem er lengsta útgáfa sem bankinn hefur ráðist í, á kjörum sem svara til 130 punkta álags yfir millibankavöxtum í evrum. Síðar í sama mánuði gaf bankinn út skuldabréf sem telja til viðbótar eiginfjárfáttar 1 (AT1) á Norðurlöndum, 700 milljónir sænskra króna og 200 milljónir norskra króna með álagi sem svarar til 350 punkta álags yfir Stibor og 358 punkta álags yfir Nibor, sem eru bestu kjör á AT1 útgáfu sem íslenskur banki hefur notið síðan 2008.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Ratings (Moody's) staðfesti A3 lánshæfismat sitt á Íslandsbanka 18. nóvember 2025 með stöðugum horfum. Staðfestingin kom í kjölfar uppfærðrar aðferðafræði Moody's að því er varðar banka, dags. 17. nóvember 2025.
- Linda Jónsdóttir, þáverandi stjórnarformaður bankans tilkynnti 8. desember 2025 að hún hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri sem stjórnarformaður á aðalfundi bankans í mars 2026. Sama dag barst krafa frá hluthöfum sem höfðu yfir að ráða meira en 1/20 af útgefnum hlutafé um að haldinn yrði hluthafafundur og að stjórnarkjör yrði á dagskrá. Stjórn bankans boðaði í kjölfarið til hluthafafundar sem fram fór 19. janúar 2026.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka átti viðburðaríkan ársfjórðung og lauk mörgum mikilvægum verkefnum, þar á meðal 3,6 milljarða króna hlutafjárukningu Dranga og sölu Festingar til Eik fasteignafélags hf.
- Í lok árs 2025 átti bankinn 100,5 milljónir eigin hluti, sem svarar til um 5,35% af útgefnum hlutum. Bankinn var virkur í kaupum á eigin hlutum á fjórða ársfjórðungi 2025 og keypti alls um 56,0 milljónir hluta fyrir um 3,7 milljarða króna. Áform um bestun á samsetningu eiginfjár standa enn, háð markaðsskilyrðum.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Þann 6. janúar tilkynnti Íslandsbanki um frekari framkvæmd endurkaupaáætlunar, með fyrirætlanir um að kaupa allt að 27 milljónir hluta í nýrri umferð, sem samsvarar til 1,44% af útgefnum hlutum, þó þannig að heildarkaupverð í umferðinni skyldi ekki vera hærra en 3,9 milljarðar króna. Tilkynnt var um lok þeirrar umferðar með tilkynningu í kauphöll þann 4. febrúar 2026 og lauk Íslandsbanki þar með endurkaupum á grundvelli 15 milljarðar króna heimildar sem fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitti bankanum í febrúar 2025.
- Hluthafafundur fór fram 19. janúar og var ný stjórn kjörin á fundinum. Tveir nýir einstaklingar tóku sæti í stjórn bankans, þar á meðal Heiðar Guðjónsson sem stjórnarformaður.
- Þann 4. febrúar 2026 veitti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands bankanum heimild fyrir allt að 15 milljarða króna endurkaupum eigin hluta að markaðsvirði, sem við það voru dregnir frá eiginfjárgrunni.
- Greining Íslandsbanka birti þjóðhagsspá fyrir árin 2026–2028 í lok janúar. Spáin er aðgengileg [hér](#).
- Helstu áföngum og sigrum í rekstri Íslandsbanka eru gerð góð skil í Árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans fyrir árið 2025, sem gefin er út samhliða ársuppgjörinu, og er aðgengileg [á vef bankans](#).



Afkomuefni

Ítarlegri upplýsingar um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar. Íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir [enska útgáfan](#).

Fyrirvari

Fréttatilkynning þessi gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbandingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGLS

Afkomufundur í vefstreymi föstudaginn 13. febrúar 2026

Íslandsbanki mun halda afkomufund í vefstreymi fyrir fjárfesta og markaðsaðila, föstudaginn 13. febrúar 2026 kl. 8.30. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlökkversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu og helstu atriði í rekstri bankans á fjórða ársfjórðungi 2025 og árinu í heild. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að senda inn skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni verður símanúmer og auðkenni fyrir fundinn afhent. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka: ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er birtingu árshluta- og ársuppgjör á eftirfarandi dagsetningum:

Árshlutauppgjör fyrsta ársfjórðungs 2026 – 7. maí 2026

Árshlutauppgjör annars ársfjórðungs 2026 – 29. júlí 2026

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2026 – 29. október 2026

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni verður birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem ítarlegri upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögnul tímabil eru einnig aðgengilegar.